



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020  
R20020233  
Vinnuskjal

Borgarráð

***Erindisbréf yfirstjórnar Reykjavíkurborgar***

Hjálagt erindisbréf yfirstjórnar Reykjavíkurborgar er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Erindisbréf yfirstjórnar Reykjavíkurborgar, drög.

# ERINDISBRÉF

## Yfirstjórnar Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Umboð og hlutverk yfirstjórnar Reykjavíkurborgar:

Yfirstjórn Reykjavíkur er formlegur vettvangur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar til samræmingar og upplýsingagjafar og starfar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Yfirstjórn er vettvangur:

- til samræmingar borgarstjóra og stjórnenda á stjórnslu, innleiðingu og framkvæmd stefnu og rekstri vegna sameiginlegra málefna, s.s. málefna kjarnasviða og stjórnarháttá gagnvart fagráðum.
- til upplýsingagjafar milli stjórnenda innbyrðis, s.s. varðandi málefni sem heyra undir kjarnasvið eða skrifstofur miðlægrar stjórnslu.
- til upplýsingagjafar stjórnenda til borgarstjóra, s.s. varðandi fjármál, framkvæmdir eða stefnumótandi markmið.
- til upplýsingagjafar borgarstjóra, annarra stjórnenda og ráða til stjórnendanna, s.s. vegna málefna sem heyra undir borgarráð eða borgarstjórn;
- til eftirlits borgarstjóra með málefnum sem heyra undir yfirstjórn og falla ekki undir eftirlitsskyldu annarra.

Hver og einn stjórnandi skal í samráði við borgarstjóra skilgreina mælaborð sem inniheldur skipulega upplýsingagjöf viðkomandi stjórnanda til borgarstjóra vegna málefna sem heyra undir hlutaðeigandi ásamt tilfallandi upplýsingagjöf vegna annarra málefna. Að sama skapi skilgreinir borgarstjóri mælaborð til miðlunar upplýsinga til yfirstjórnar.

Borgarstjóri og stjórnendur skulu endurskoða mælaborð sín reglulega.

### Yfirstjórn Reykjavíkurborgar skipa:

Dagur. B. Eggertsson borgarstjóri.

Stefán Eiríksson borgarritari.

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Óskar J. Sandholt sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Ómar Einarsson sviðsstjóri íþróttá- og tómstundasviðs.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri.

Ebba Schram borgarlögmaður.

Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara.

Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar.

### Starfsmaður yfirstjórnar:

Skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara annast fundarboðun, dagskrá og undirbúning funda sem og úrvinnslu þeirra í samráði við borgarstjóra.

**Starfsáætlun, boðun og dagskrá funda:**

Á fyrsta fundi hvers árs skal borgarstjóri leggja fram tillögu að starfsáætlun vegna komandi starfsárs, en yfirstjórn Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði vikulega. Í starfsáætlun yfirstjórnar skulu tilgreindar dag- og tímasetningar reglulegra funda og helstu verkefnum starfsársins raðað á einstaka fundi eftir því sem við á. Gildandi starfsáætlun yfirstjórnar skal á hverjum tíma uppfærð eftir því sem tilefni er til.

Starfsmaður yfirstjórnar sendir út fundarboð til stjórnenda vegna starfsársins þegar starfsáætlun liggur fyrir.

Borgarstjóri getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi eftir þörfum að sumarlagi.

Stjórnendum er skylt að mæta á fundi yfirstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Yfirstjórn getur boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni. Fundir yfirstjórnar eru lokaðir og óheimilt að greina frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Starfsmaður yfirstjórnar skráir minnispunkta á hverjum fundi til notkunar við úrvinnslu þeirra.

**Skráning fjárhagslegra hagsmuna:**

Fulltrúar í yfirstjórn Reykjavíkurborgar skulu eiga kost á að skrá opinberlega fjárhagslega hagsmuni sína í samræmi við ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Ef stjórnandi kys að skrá ekki fjárhagslega hagsmuni sína í samræmi við reglurnar skal hann tilkynna það yfirstjórn.

**Starfstímabil:**

Yfirstjórn Reykjavíkurborgar starfi samkvæmt erindisbréfi þessu á tímabilinu 2020-2022.

Reykjavík, xx. febrúar 2020

Dagur B. Eggertsson